

# Skólanámskrá Arakletts Kot 4 til 5 ára

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR	LÆSI	SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI	HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	JAFNRÉTTI	SKÖPUN
<b>NÁMSGREINAR</b>	<b>LÆSI OG SAMSKIPTI</b>	<b>SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI</b>	<b>HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN</b>			<b>SKÖPUN OG MENNING</b>
<b>Fjölgreindir Gardners.</b>	<i>Málgreind, rök- og stærðfræði-greind</i>	<i>Umhverfis-greind</i>	<i>Líkams- og hreyfi-greind</i>	<i>Samskiptagreind sjálfspækingar-greind</i>	<i>Samskiptagreind sjálfspækingar-greind</i>	<i>Rýmiggreind tónlistargreind umhverfisgreind</i>
<b>Þroskaþættir</b>	Málþroski, vitsmunapróska, félagsþroski og fagurþroski líkams- og hreyfiþroski.	Vitsmunapróska, hreyfiþroski og fagurþroski	Líkams- og hreyfiþroski, vitsmuna- og félagsþroski	Vitsmunapróska, félagsþroski, málþroski, líkams- og hreyfiþroski.	Vitsmunapróska, tilfinningapróska, líkams- og hreyfiþroski	Fagurþroski, hreyfiþroski, vitsmunapróska, félagsþroski, málþroski og tilfinningarþroski
<b>HÆFNI</b>	<b>(Almennt)</b>					
	Hæfileikinn til að vinna með tungumál. Öðlast mikinn orðaforða, skrifar góðan texta, á auðvelt með að flytja ræður og að læra erlend tungumál.	Hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni. Fólk með háa umhverfisgreind er næmt fyrir umhverfi sínu: Jurtum, dýrum, fjöllum, skýjafari og svo framvegis.	Hreyfigeta og færni til líkamstjainingar, dans- og íþróttaiðkunar	Hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð þeirra og raddblæ. Þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar.	Hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð þeirra og raddblæ. Þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar.	Hæfileikinn til sjón- og rúmskynjunar, auðvelt með störf þar sem unnið er með liti, lögum, form. Hæfileikinn til að vinna með, meta og skapa tónlist.
<b>MARKMIÐ</b>						
	Að barnið heyrir vandað og ríkt málfar og noti málið til að tjá tilfinningar, hugmyndir og skoðanir, sé virkt í samræðum og geti rökstutt mál sitt. Það sjái hvernig ritmálið er notað við ýmsar ástæður í skólanum og að tákni (stafir) mynda orð. Auki orðaforða sinn og leiki sér með málið og átti sig á að til eru margvísleg tungumál	Að barnið kynnist undrum náttúrunnar og njóti útveru í íslenski veðráttu. Kynnist lífríki umhverfisins og tengi það árstíðunum. Læri að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Sjái sjálfbærni sem sjálfsgöðan hlut í starfi skólans. Kynnist og noti tól og tæki til könnunar, úrvinnslu og sköpunar.	Barnið fái hreyfiþörf sinni fullnægt og fái tækifæri til að efla og þroska hæfnisina á því sviði. Læri að slaka á (jóga, gjörhygli, slökun). Sé ánæggt í eigin skinni. Verði sjálfþjarga við daglegar athafnir. Tengir heilbrigði við hollustu og nægan svefn	Að barnið eigi jákvæð, viður- kennandi og uppbyggileg samskipti sjá sjónarmið annara og sýni þeim virðingu. Sýni tillitssemi, hjálpssemi og geti deilt með öðrum. Fái að bera ábyrgð, meti starfið og sé með í ákvarðanatöku um mál varðandi það. Noti lýðræðisleg vinnubrögð og geti unnið sjálfstætt. Virði annara verk. Umhverfi þess stuðli að námi og vellíðan. Fái innsýn í starf grunnskóla.	Barnið sjái að strákar og stelpur hafa sama rétt og sömu ábyrgð. Það fái innsýn í menningu annara þjóða og temji sér jákvætt viðhorf til fólks af ýmsum upruna. Það kynnist misnunandi fjölskyldugerðum.	Barnið vinni með fjölbreyttan efnivið, læri að nota ýmis tól og tæki til sköpunar. Tjái myndir sínar út frá eigin forsendum; í myndlist, tónlist, dansi, leiklist og í upplýsingatækni. Vandir vinnu sína og ljúki verkumog gangi frá eftir sig. Barnið fái ráðrúm til að þroska með sér næmni fyrir hljóðum, hreyfingu takti og hrynjandi. Það geti tekið þátt í hópavinnu
<b>LEIÐIR</b>						
	Barnið hafi aðgang að bókun og noti ritmál í leik. Það hafi aðgang að textum, tölu- og bókstöfum sem leikefni. Eigi jákvæð samskipti við börn og fullorðna og temji sér góða samvinnu. Það hafi gott aðgengi að allskonar leikefni sem stuðlar að og hvetur til læsis	Að barnið hafi aðgang á náttúrulegu leikefni (telja,raða flokka, greina) og leika sér með stærðfræðilega hugtök.Það fái leikið með magn og mælingar. Leiki í kubba- víslinda og tilrauna-leikjum og með ljós og skugga.	Barnið hafi aðgang að krefjandi hreyfivæðum úti og inni og kunni að velja sér leiki og þrautir sem stuðla að vellíðan og gleði.	Barnið hafi raunverulegt val um leiksvæði, viðfangsefni og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir varðandi leik sinn.	Að átta sig á jöfnum rétti stráka og stelpna til leiksvæða, leikja og leikefnis og það fái hvatningu til að leika sér og reyna sig við fjölbreytt viðfangsefni óháð hefðbundnum kynhlutverkum.	Að barnið hafi aðgang að fjölbreyttu efni og áhöldum til sköpunar. Það fái að leika með hljóðgjafa og hljóðfæri á sínum forsendum og að hlusta á allskyns tónlist. Það hafi aðgang að skapandi umhverfi úti sem inni sem og til gróf- og fínreyfinga Gangi frá og taki til. Noti kímni.
<b>HÓPAVINNA</b>						
	Barnið taki þátt í sam- og hópavinnu sem leiða tilgöðra samskipta og vináttu. Vinna saman að sögugerð, (skrá), ljóðagerð og taki þátt í að búa til og leika í	Barnið taki þátt í samvinnu með fjölbreyttan, náttúrulegan efnivið og læri að nota ýmis tól og tæki. Læri að vinna með	Þátttaka í hringleikjum og dansi og leikjum sem reyna á og nota líkamann. Nota fínreyfingar .	Barnið taki þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku sem hefur áhrif á leikskólsstarfið	Barnið hafi jafnan rétt og aðrir til að taka þátt, hafa áhrif og stjórna.	Barnið vinni í hóp að sameiginlegri listsköpun á fjölbreyttan hátt. Barnið fái tækifæri til að skrá, flytja, ræða og sýna verk sín. Það

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR	LÆSI	SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI	HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	JAFNRÉTTI	SKÖPUN
	leikritum. Það geti fylgt munnlegum fyrirmælum sem þátttakandi í hóp og taki virkan þátt í tiltekt og frágangi.	endurvinnsla og sjálfbærni. Leysa þrautir í sameiningu, fara í stærðfræðileiki og vinna með hugtök.				taki þátt í dans- hreyfi- og söngleikjum
<b>AÐ KOMA OG FARA,</b>	<b>KLÆÐASIG Í OG ÚR,</b>	<b>ÚTIVERA OG</b>	<b>VETTVANGSF ERÐIR</b>			
	Rætt er um umhverfið, veður og árstíðir. Barnið sýni samhjálp og þiggi hjálpr frá öðrum og læriað ganga snyrtilega um fataklefann. Það finnur að það er boðið velkomin og hvatt hlýlega í dagslok.	Vekja athygli á dýrum og plöntum í náttúrunni	Barnið hafi tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi og að klæða sig eftir veðri og fáí fullnægt hreyfiþörf sinni.	Barnið taki þátt í umræðu um veðurfar og klæðnað sem hentar og tekur ákvörðun um klæðnað sinn samkvæmt því.	Allir litir eru jafnhæfir (t. d. varðandi klæðnað) fyrir bæði kynin.	Í boði verði að fara á síningar og að heimsækja bókasafnið. Barnið læri um íslenska fánann og aðra þjóðfána. Það heimsæki grunnskólann. Hlusti á umhverfishljóð og fari í vettvangsferðir sem bjóða upp á fjölbreytta upplifun.
<b>SAMVERA</b>						
	Sagðar eru sögur og bækur lesnar með og án mynda. Farið er með þulur og rímað. Unnið er með stöðu hljóða í orðumog erlend tungumál kynnt og rædd. Barnið lærir krefjandi lög, ljóð og þulur og hlustar á t.d. þjóðsögur og sagnir.	Barnið tekur þátt í „veðurfræðingur dagsins“ veðurfar árstíðir, dagatalið, klukkan, tíminn, tölur og stærðfræðihugtök. Fræð-ist um umhverfið; dýr, plöntur. Heimspeki, vísindi, rökhugsun.	Farið í leiki sem bjóða bæði upp á fin- og grófhreyfingar. Barnið finni sér þægilega stellingu í lok stundar og slaki á.	Ræða og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á leikskólastarfið.	Allir eiga sama rétt burt séð frá kyni, litarhætti, trú, aldri og getu. Lesa um óhefðbundin kynhlut-verk og störf sem vísa til þess sama.	Í boði að skoða og ræða listaverkabækur. Skoða og ræða myndskreytingar í bókum. Hlusta á fjölbreytta tónlist og vinna með takt og hljómfall, styrk og áferð. Umræður „ég sjálf/ur og umhverfi mitt“
<b>MATARTÍMI</b>						
	Barnið skynji matartíma sem rólega og notalega stund. Nota lesmál t.d matseðil vikunnar, þjónalista og fl. Notalegt spjall undir borðum.	Umræða um allskonar mat og hvaðan hann kemur. Fara vel með matinn og ræða um flokkur, endurvinnsla og moltugerð.	Barnið noti hnifapör smyrji sjálft, skammti sér og helli í glas. Rætt um matartegundir hollustu og fl.	Barnið skammti sér sjálft og njóti aðstoðar við að áætla sér viðeigandi skammt	Ræða um jafnan rétt allra og skyldur í sameiginlegum máltíðum.	Barnið taki eftir að matur er fallega fram borinn, kynnist nýjum og gömlum matarhefðum og frá öðrum löndum. Nota góða borðsiði, sýna tillitssemi, hjálpssemi og samhjálp.
<b>Hvöld</b>						
	Hlustað er á rólega tónlist, lesnar sögur t.d framhaldssögur. Fara í rólega leiki.	Hlustað er á náttúru og umhverfishljóð.	Taka þátt í vináttustund, gjörhygli og jóga. Gefi hvert öðru nudd og slaki á.	Velja bækur	Lesna bækur um fjölbreytileika mannlífsins.	Loka augunum og ímynda sér. Hlusta á slökunartónlist og þögnina.
<b>LÍKAMLEG</b>	<b>UMHIRÐA</b>					
	Taka tillit til annara. Nota gildin í Lífsmenntinni.	Ræða pappírs og sápunotkun.	Ræða gildi hreinlætis, líkamsumhirðu og sýkingarvarna.	Barnið verði sjálfbjarga á salerni og við hand- og andlitsþvott.		Nota hlífðarföt í mynd-sköpun.

**Ath. Finna þarf hvar hver einstaklingur stendur; hver er styrkur hans og hverjir eru veikleikar hans, hver eru áhugamálin og nálgast hann og vinna með honum á þeim forsendum.**

Erla Björk Sveinbjörnsdóttir og Hallveig Guðbjört Ingimarsadóttir. Byggt á Aðalnámskrá leikskóla, Fjögreindarkenningu Howards Gardners (Fjölgreindir í skólastofunni eftir Thomas Armstrong og stuðst við námskrá leikskólans Álfheiði í Kópavogi.